

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Grein birt 31. desember 2010

Harpa Kolbeinsdóttir

Láttu textann ráða för

Vinna með texta frá sjónarhorni málnotkunar

Greinin fjallar um mikilvægi þess að vinna með fjölbreytta texta í íslenskukennslu. Við lifum í miklu textasamfélagi og það er auðvelt og nauðsynlegt að grípa textana í umhverfinu til þess að lesa þá og skoða með gagnrýnu hugarfari. Þegar unnið er með texta er gott að nota samanburð til þess að átta sig á áhrifum textans, jafnframt sýni samanburður nemendum fram á það val sem þegar hefur farið fram þegar texti birtist á rituðu formi eða í talmáli. Með vali er t.d. átt við val á stíl, mál-sniði og áherslum í textagerðinni. Mismunandi val í textagerð kallar fram ólík viðbrögð þeirra sem lesa eða hlusta á textann. Kennslustofan ætti að vera kjörinn vettvangur fyrir nemendur til þess að prófa sig áfram í textagerð og læra að treysta á eigin viðbrögð við texta.

Höfundur útskrifaðist með M.Paed.-próf í íslensku haustið 2009 og vinnur á leikskólanum Stekkjarási.

Let the text tell you what to do.

This article is about the importance for teachers of the mother tongue to use different types of texts in teaching. Our society today is all about texts and messages and it is easy and necessary to grasp those texts and explore them with a critical mind. When working with texts it is good to use comparison to experience how the lexical and syntactical units in the text work. Comparison shows students the choices every person has to make when speaking or writing. Different choices cause different reactions from those receiving the text. The classroom should be the perfect place for students to explore their own texts – oral and written – and they should learn to trust their own reactions to texts as to trust the choices they make in their language use.

Inngangur

Tungumál eru lifandi fyrirbæri og fyrst og fremst samskiptatæki. Virkni tungumálsins er háð samfélaginu sem við búum í og félagslegi þátturinn í málnotkuninni er ekki síður mikilvægur en innri uppbygging málsins. Sjónarhorn málnotkunar hugar að virkni málsins í stað þess að skoða eingöngu form þess og þetta sjónarhorn á heima í íslenskukennslu.

Í þessari grein ætla ég að fjalla um nokkrar ástæður þess að ég tel mikilvægt að skoða fjölbreytta texta og textategundir í kennslustofunni. Einnig ætla ég að sýna fram á mikilvægi þess að nota samanburð í allri vinnu með texta og hvernig samanburður gerir okkur ljóst að allir málnotendur þurfa að velja hvernig þeir haga máli sínu eftir aðstæðum, þ.e. eftir því fyrir hvern þeir eru að skrifa eða við hvern þeir eru að tala og á hvaða vettvangi. Í

skólastofunni gefst nemendum kjörið tækifæri til þess að átta sig á þessu vali og styrkjast í eigin málnotkun.

Eins og lesa má í grein Þórunnar Blöndal (2010a) í sama riti er hugtakið *texti* notað yfir bæði talmál og ritmál. Texti, mæltur eða ritaður, er birtingarmynd tungumálsins og því ákjósanlegur upphafspunktur þegar málið er skoðað. Texti er boð frá sendanda til viðtakanda og hann er háður því að viðtakandinn finni einhverja merkingu í honum og samþykki hann sem texta. Það sem einn viðtakandi skilur og meðtekur sem texta getur verið óskiljanlegt bull fyrir öðrum (Þórunn Blöndal, 2005). Textinn markast af því samfélagi og þeim aðstæðum sem hann sprettur upp úr. Skilningur á texta er háður reynsluheimi bæði sendanda og viðtakanda. Fleiri atriði setja mark sitt á texta og eitt af þeim er miðillinn eða aðstæðurnar þar sem textinn birtist. Mismunandi málaðstæður kalla á mismunandi textategundir og málsnið sem hæfir aðstæðum.

Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir því hvað *texti* er og fá þá til þess að skoða alla texta sem samskipti. Nemendur eiga að velta fyrir sér hvar textar birtast, hverjum þeir eru ætlaðir og hver er sendandinn á bak við þá. Séu textar skoðaðir á þennan hátt er líklegt að nemendur styrkist í eigin textagerð og lesskilningur þeirra aukist.

Textar og textategundir

Eins og fram hefur komið geta textar verið mjög mismunandi. Texti getur verið ritmál eða talmál, undirbúinn eða óundirbúinn og formlegur eða óformlegur. Í tungumálanámi er mikilvægt að skoða og vinna með sem flestar tegundir texta. Í samfélagi okkar í dag er upplýsingaflæðið og textaáreiðið gríðarlegt. Aðgangur að neti, sjónvarpi, sínum, dagblöðum og útvarpi er mun greiðari en áður og á hverjum degi erum við viðtakendur fjölmargra og mismunandi textategunda. Þarna ætti að koma til kasta skólans að kenna nemendum að fást við skilaboðin sem berast og kenna þeim að hugsa um tilgang og birtingarform texta til þess að þeir verði ekki hjálparlaus fórnarlömb auglýsinga- og upplýsingaiðnaðarins sem fjölmiðlar geta ráðskast með (Brindley, 1994).

Með nýjum miðlum verða til ný samskiptaform. Fólk notar ritmálið til þess að tjá sig á rauntíma á spjallrásum Netsins og það notar styttingar og tákn til þess að reyna ná fram blæbrigðum talmálsins. Talmálið og ritmálið mætast og það er áhugvert að skoða þessa árekstra. Einnig er mikil umræða í samfélaginu um tjáningu og samskipti á Netinu. Fólk veltir fyrir sér hvað sé viðeigandi að segja á síðum eins og *Fésbók* og blogg síðum og hvernig eigi að haga samskiptum á þessum vettvangi. Tungumálið er þarna í brennidepli og fólk notar það til þess að búa til ákveðna sjálfsmýnd. Allt þetta er áhugavert að skoða með nemendum og átta sig á hversu mikilvægt það er að geta tjáð sig á skýran og skilmerkilegan hátt.

Ein af grundvallarleiðum til þess að móta sjálfsmýnd okkar og skoðun annarra á því hver við erum, er val okkar á því hvernig við notum tungumálið (Thomas og Wareing, 1999). Unglingsárin eru mikill mótunartími í lífi einstaklinga. Unglingar eru oft mjög uppteknir af sjálfum sér og forvitnir um fólk í kringum sig, sérstaklega jafnaldra sína. Kennarar eiga að nýta sér þessa forvitni til þess að kveikja áhuga nemenda á tengslum tals og persónuleika. Netheimurinn er t.d. fullur af málnotkun sem er forvitnilegt að skoða í þessu ljósi. Kennarar geta svo útvíkkað þennan áhuga og t.d. bent á meðferð tungumálsins í bókmenntum og hvernig rithöfundar nota tungumálið til þess að skapa persónur. Fjölbreytt og raunverulegt efni úr samtímanum er því líklegt til þess að vekja áhuga nemenda.

Textasvið, setningasvið og orðasvið

Alla texta er gott að byrja á að skoða í víðu samhengi áður en rýnt er í minnstu einingarnar. Til viðmiðunar er hægt að hugsa um textann á þremur sviðum, textasviði,

setningasviði og orðasviði (sjá t.d. Þórunni Blöndal (2010b) og Wright (2005)). Þegar textar eru skoðaðir á textasviði er hugað að hvaða textategund, (sjá Þórunni Blöndal (2005)) textinn tilheyrir og hvers konar miðli textinn birtist í. Uppsetning textans er skoðuð sem og framsetningin og samhengið sem hann er settur í, t.d. hvað varðar val á mynd sem birtist með textanum og val á fyrirsögn. Það má t.d. velta vöngum yfir höfund, viðtakendum og markmiði textans. Á setningasviði er t.d. skoðuð notkun setninga, málsgreina og efnisgreina. Jafnframt er skoðað hvernig textinn hangir saman og fær á sig heildaryfirbragð, hvernig greinamerki eru notuð, orðaröð og aðal- og aukasetningar. Orðasviðið snýst um að skoða hvaða orð eru valin í textann. Á orðasviði er hugað að stafsetningu, hljóðfræði, rími og stuðlum svo eitthvað sé nefnt.

Láttu textann ráða för

Textar geta verið margvíslegir og því verður að láta textann ráða för í allri textavinnu. Kennari verður að byrja á því að lesa og skoða hvað það er í textanum sem stendur upp úr, sem fær textann til að virka. Mikilvægt er að skoða raunverulegt mál og virkni málsins. Textinn lætur okkur í té það sem við ætlum að skoða en ekki öfugt, þ.e. að við ákveðum að skoða eitthvert tiltekið atriði og veljum texta af handahófi til þess. Skoðum eftirfarandi dæmi sem er úr bókinni *Engill, pípuhattur og jarðarber* eftir Sjón:

1a) Á götunni fyrir neðan standa bifreiðarnar kyrrar og hjólbarðarnir bráðna við malbikið en virðast snúast þegar mistrið stígur og liðast upp eftir þeim og tjörulyktina leggur yfir gangstéttirnar þar sem dúfurnar spígspora í kringum ísvagninn og gogga letilega eftir brauðmolum og fljúga ekki upp þótt börnin stappi niður fótunum í eirðarleysi þegar íssalinn nennir ekki að afgreiða þau heldur stendur inni í svalanum og dottar yfir lygnri súkkulaðisósunni og sæt anganin blandast lyktinni og berst út á fljótsbakkann þar sem jarðarberjatrén ilma og fólk liggur með hendur undir hnakka eða á maganum og les tímarit í skugganum af eigin höfði.

Athygli vekur við þennan texta er að hann er allur ein málsgrein og eina greinarmerkið er punkturinn í lokin. Þetta val höfundar gefur textanum rólegt og letilegt yfirbragð. Kyrrðin kemur einnig fram í orðavali, t.d. 'standa kyrrar', mistrið 'stígur' og 'liðast upp', dúfur 'spígspora' og 'gogga letilega', íssalinn 'nennir ekki' að afgreiða í hitanum og 'dottar' yfir 'lygnri súkkulaðisósunni'. Fólk 'liggur' og les í skugganum af sjálfu sér. Til viðbótar við orðavalið undirstrikar lengd málsgreinarinnar róna sem hvílir yfir þennan heita sumardag. En það eru ekki mín viðbrögð sem skipta máli eða viðbrögð kennarans. Það skiptir máli að nemendur fái tækifæri til að lesa textann sjálfir og bregðast við honum. Hins vegar er líklegt að þeirra viðbrögð verði svipuð og viðbrögð kennarans. Texta eins og þennan gætu kennarar notað til kennslu um aðalsetningar og aukasetningar og samband þeirra við greinarmerki. Einnig væri hægt að fjalla um stíl og kenna um samloðun í texta (sjá Þórunni Blöndal, 2005). Fyrst og fremst gefst gott tækifæri til að fjalla um það val sem höfundur stendur alltaf frammi fyrir, orðaval og val á því hvernig hann hagar setningaskipan.

Þegar nemendur vinna með texta og reyna að átta sig á áhrifum hans er mjög gott og lærdómsríkt að nota samanburð (Wright, 2005). Hvað gerist í texta 1a ef hann er skrifaður upp aftur og í þetta sinn bætt inn fleiri greinarmerkjum? Er andrúmsloftið ennþá rólegt og letilegt? Lítum á eftirfarandi dæmi:

1b) Á götunni fyrir neðan standa bifreiðarnar kyrrar. Hjólbarðarnir bráðna við malbikið. Þeir virðast snúast þegar mistrið stígur og liðast upp eftir þeim. Tjörulyktina leggur yfir gangstéttirnar.

Dúfurnar spígspora í kringum ísvagninn. Þær gogga letilega eftir brauðmolum og fljúga ekki upp þótt börnin stappi niður fótunum í eirðarleysi.

Íssalinn nennir ekki að afgreiða þau heldur stendur inni í svalanum. Hann dottar yfir lygnri súkkulaðisósunni. Sæt anganin blandast lyktinni og berst út á fljótsbakkann.

Jarðarberjatrén ilma. Fólk liggur með hendur undir hnakka eða á maganum og les tímarit í skugganum af eigin höfði.

Þegar samanburður er notaður til þess að rýna í texta er auðveldara að átta sig á áhrifum hans. Samanburður í sinni einföldustu mynd er að taka texta og endurrita. Þá er textinn endurritaður án þeirra áhrifa sem verið er að skoða. Með því að láta nemendur endurrita texta sjá þeir, skynja og trúa muninum á textunum. Samanburður af þessu tagi er nauðsynlegur til þess að skynja til fulls áhrif textans og einnig sýnir hann fram á valið sem allir málnotendur standa frammi fyrir.

Samanburður af ýmsu tagi er eflaust mikið notaður í skólum landsins og það er mjög auðvelt að nota samanburð til þess að átta sig á texta. Samanburð er hægt að nota á margan hátt. Hægt er að bera saman ólíkar textategundir eins og í þessu dæmi:

2a) Sveitasetur Sigurðar Einarssonar á Veiðilæk blasir við frá þjóðvegi eitt þegar ekið er um Borgarfjörð í nánd við Bifröst. Stórbrotin höll sem fellur vel að klettabelti hamranna sem Borgarfjörður er kenndur við.

2b) Eftir að hópi hryðjuverkamanna hafði tekist að gera stórfelldar árásir á nokkrar helstu byggingar Bandaríkjanna hinn 11. september 2001 sögðu ráðamenn Bandaríkjanna hvað eftir annað að heimurinn yrði aldrei samur.

2c) Í löngu hruninni húsatóft í afskekktari sveit vestur í Dalasýslu sat einmanna veiðimaður og horfði yfir Hvammsfjörð á Fellsströndina þar sem allra efstu fjallsbrúnir lýstust upp í fyrstu geislum morgunsólarinnar sem brutust út milli skýjanna í austri. Fjallshlíðarnar þar fyrir neðan, láglendið og fjörðurinn voru hins vegar enn í dimmum skugga.

Hvað eiga þessir textar sameiginlegt? Hvað greinir þá að? Fyrsta textabrotið er úr frétt úr blaðinu *Séð og Heyrt*, annar textinn er frétt úr *Morgunblaðinu* og þriðji textinn er upphafið á skáldsögu eftir Viktor Arnar Ingólfsson. Það sem vakti athygli mína við þessa texta þegar ég las þá fyrst og bar þá saman var hversu líkir þeir eru. *Morgunblaðið*, *Séð og Heyrt* og glæpasaga eru mjög ólíkir miðlar, að minnsta kosti við fyrstu sýn. En hvaða lærdóm getum við dregið af þessum samanburði? Fréttatextar eiga margt sameiginlegt með textum sem hafa þann tilgang að segja sögur og tilgangur fréttatexta er ekki bara að koma upplýsingum á framfæri.

Samanburð er einnig hægt að nota til þess að skoða eina textategund og bera saman ólík málsnið innan hennar eins og sjá má í eftirfarandi dæmi:

3a) Skerið saltfiskinn í 10 cm langa strimla, veltið upp úr hveiti, eggj og brauðraspi. Steikið grænmetið á pönnu í 2 msk. af smjöri. Bætið kapers, ólífum og hvítlauk varlega saman við og síðan smjöri, balsamediki og sitrónulaufunum. Látið sjóða saman í 2 mínútur. Steikið saltfiskinn í olíu á pönnu eða í djúpsteikingarpotti. Berið fram með salatinu ásamt sólþurrkuðu tómötunum (úr *Veislubók Hagkaups*, bls. 67).

3b) Þetta er einfaldur réttur þar sem þið skerið niður fullt af allskonar góðu grænmeti og fyllið ofnskúffuna af því. Til að fá prótein í réttinn er smart að skutla smá tofu út í. Síðan setjið þið gott krydd og tamarisósu yfir. Þessi réttur eldar sig sjálfur í ofninum og þess vegna hafið þið tíma til að útbúa gott salat og setjast með fæturna upp í loft og lesa blöðin á meðan þið bíðið (úr *Grænum kosti Hagkaupa*, bls.164).

Eins og sjá má í textunum hér á undan vantar upptalninguna á hráefnunum í báðar þessar uppskriftir og eftir stendur textinn þar sem sagt er hvað skuli gera við hráefnið. Þó að þetta sé sama textategund eru textarnir mjög ólíkir. Annað textabrotið er mjög hefðbundið en hitt ekki. Textategundin setur málnotendum hömlur eða ramma en þeir hafa samt sem áður mikið val um hvernig þeir koma efninu frá sér. Svona texta er hægt að skoða með nemendum og spyrja t.d. hvort meðferð tungumálsins í þessum textum gefi einhverja vísibendingu um persónuleika sendanda? Hvaða áhrif hafa þessir textar á ykkur og hvers vegna? Hvaða sjónarhorn er valið og hvers konar persónufornöfn eru notuð í hvaða tilgangi?

Mikilvægt er að gera nemendum grein fyrir að þeir, eins og allir málnotendur, hafa val í sinni eigin málnotkun og það þarf að hjálpa þeim að átta sig á að val þeirra hefur áhrif á hvernig viðtakendur meðtaka það sem þeir senda frá sér.

Traustur lesandi

Textar eru safn orða sem reyna að hafa áhrif á lesendur með merkingu sinni og öðrum eiginleikum. Til þess að nemendur skilji texta þarf að fá þá til þess að átta sig á áhrifunum sem textinn hefur á þá, þ.e. þeir þurfa að átta sig á virkni textans. Kennarar eiga að efla trú nemenda á eigin viðbrögð við texta og það þýðir að öll svörun nemenda er viðurkennd og öll svör eru gagnleg (Wright, 2005). Kennarinn má ekki vera sá eini sem lumar á 'réttu' svarinu. Nemendur ættu að byrja á að skoða áhrifin sem textinn hefur á þá í stað þess að velta fyrir sér áætlunum höfundar sem þeir þekkja ekki og er ekki á staðnum (sama heimild).

Tungumálið er mjög mikilvægur hluti af okkur öllum og tungumálið bæði mótast af og mótast að einhverju leyti samfélagið sem við búum í. Þegar við lærum um tungumálið lærum við einnig heilmikið um samfélagið og um leið um okkur sjálf og samskipti okkar við annað fólk. Þekking á málinu og hlutverki þess í samfélaginu getur hjálpað nemendum að taka ákvarðanir um hvernig þeir nota tungumálið til þess að verða sáttari við sjálfa sig (Thomas og Wareing, 1999).

Fréttir, auglýsingar og annar upplýsingatexti er áhrifaafli í nútímasamfélagi. Þegar eitthvað markvert gerist í kringum okkur geta þeir sem eru fyrstir til þess að fjalla um það sem fréttir, valið sjónarhorn, orð og andrúmsloft í fréttinni og það getur haft mótandi áhrif á viðhorf samfélagsins gagnvart atburðunum. Auglýsendur nýta sér þá þekkingu sem samfélagið býr yfir á notkun tungumálsins og þeir nota hana til þess að hafa áhrif á viðtakendur sína (Goodard, 1998).

Nemendur eiga að gera sér grein fyrir valinu sem notendur tungumálsins standa frammi fyrir og huga að því hvernig form, uppsetning og framsetning texta hjálpar til við að ná fram áhrifum hans. Annað markmið er að vekja nemendur til umhugsunar um hver sé sendandinn á bak við texta og fjölmiðla af öllu tagi og hvaða áhrif þessi sendandi hefur á textann. Þá á að fá nemendur til þess að íhuga stöðu sína sem viðtakendur texta og hvaða val þeir hafa og af hverju þeir bregðast við texta á einhvern tiltekinn hátt. Þó svo að nemendur séu vel kunnugir í heimi fjölmiðla er ekki þar með sagt að þeir hafi góða þekkingu á áhrifamætti þeirra.

Lokaorð

Nemendur þurfa að læra hvernig texti og viðtakandi skapa merkingu og það þarf að gera þeim ljóst að prentað mál ber með sér ákveðin gildi og þessi gildi hafa tengsl við umheiminn. Virkur og gagnrýninn lestur felur í sér hæfni til þess að kanna þessi tengsl. Nemendur eiga einnig að læra að þekkja og meta gildin sem þeir sjálfir bera með sér í lesturinn, gildi eins og tungumálið þeirra, menningu og lífsgildi (Brindley, 1994).

Í allri textavinnu með nemendum er mikilvægt að hafa í huga að nemendur viti til hvers þeir eru að vinna ákveðin verkefni, að þeir fái að vita hvaða textategund þeir eigi að skrifa og hver sé viðtakandinn. Tilgangur verkefna þarf að vera bæði nemendum og kennurum ljós. Það er sem sé ekki nóg að þekkja orð og setningarliði heldur verða nemendur að fá að velta fyrir sér til hvers þeir eru þar sem þeir eru – hvers vegna höfundur valdi einmitt þessi orð, þessa liði, þessa orðaröð. Að verkefnavinnu lokinni þarf að spyrja spurninga með nemendum og huga að því hvað var verið að gera? Til hvers vorum við að gera það og hvað græddum við á þessari vinnu?

Heimildir

Árni Þór Arnórsson, Ingvar Sigurðsson, Kristján Þór Sigurðsson og Óskar Finnsson. (1997). *Veislubók Hagkaups*. Reykjavík: Hagkaup.

Brindley, S. (ritstjóri). (1994). *Teaching English*. London: Routledge og The Open University.

Eiríkur Jónsson. (2009). Sukk í sveitasælu. *Séð og heyrt* (33), 12.

Goddard, A. (1998). *The language of advertising*. London: Routledge.

Guðsteinn (2009, 12. september). Átta ár frá falli turnanna tveggja. *Fréttablaðið*, 14.

Sjón. (1994). *Engill, pípuhattur og jarðarber*. Reykjavík: Uglan. Íslenski kiljukulúbburinn.

Sólveig Eiríksdóttir. (2003). *Grænn kostur Hagkaupa*. Reykjavík: Hagkaup.

Thomas, L. og Wareing, S. (ritstjórar). (1999). *Language, society and power. An introduction*. London: Routledge.

Viktor Arnar Ingólfsson. (2006). *Afturelding*. Reykjavík: Mál og menning

Wright, T. (2005). *How to be a brilliant English teacher*. London: Routledge.

Þórunn Blöndal. (2005). *Lifandi mál. Inngangur að orðræðu- og samtalsgreiningu*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Þórunn Blöndal. (2010a). Málheimur kennslustofunnar. Aðgreining talmáls og ritmáls í kennslu. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010*. Sótt 31. desember 2010 af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/029.pdf>

Þórunn Blöndal. (2010b). Textar og nýting þeirra í kennslu. *Skíma33* (2), 12–16.



Harpa Kolbeinsdóttir. (2010).

Láttu textann ráða för: Vinna með texta frá sjónarhorni málnotkunar.

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/013.pdf>